

Nd.

426. Þingsályktun

um rannsókn simaleiða.

(Samþykkt í neðri deild 19. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Til fullnaðar aðalsimaleiðin sunnanlands milli Víkur og Hornafjarðar.
 2. Hin fyrirhugaða simaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.
Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
 3. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfjótuvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
 4. Leiðin milli Þórshafnar og Skála á Langanesi.
 5. Hvar heppilegast muni að leggja síma frá Tálknafirði til Hvestu í Dalahreppi og Selárdals í sama hreppi.
 6. Leiðin að Arnarstapa á Snæfellsnesi.
- Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum svo fljótt sem unt er.